# Re: 202203263 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegar

| | |
|---|---|
| Búið til | 15.8.2022 09:59:46 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 15.8.2022 09:59:45 |
| Tilheyrir | 202207-0015 - Axarvegur efnistaka - ósk um aðalskipulagsbreytingu |

## Efni

| |
|---|
| Re: 202203263 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegar |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 15.8.2022 09:59:45 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | soley.valdimarsdottir@mulathing.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 7. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 20. maí 2022 um matsskyldu framkvæmdarinnar við efnistöku vegna Axarvegar. Í þeirri umsögn taldi stofnunin að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum enda þótt námurnar séu allmargar og sumar nokkuð stórar þá eru hvorki jarðminjar né gróðurfar á svæðinu sem hefur sérstaklega hátt verndargildi.

Einkum eru það ásýndaráhrif sem þarf að huga að og því er mikilvægt að allur frágangur við námasvæði sé vandaður til að draga úr áhrifum á landslag svæðisins. Æskilegt er að lagt sé mat á þessi ásýndaráhrif þegar unnið er að breytingu á aðalskipulagi og hugað að nauðsynlegum mótvægisaðgerðum. Þar er náman sunnan við Axarárnes (22936) sérstaklega mikilvæg vegna stærðar og umfangs hennar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

..........................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
**To:** "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
**CC:**
**Subject:** 202203263 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegar
**Date:** 7.7.2022 13:44:35

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Greinagerð er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **18. ágúst 2022.**

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is
(http://www.mulathing.is/)

Skilmálar varðandi tölvupósti
(https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=04%7C01%7Csoley.valdimarsdottir%40mulathing.is%7C8f5372b93ec54915442108d9d73e199c%7C556ee80a0b7a4238a9e85101272737b2%7C1%7C0%7C637777484033605395%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=vqxDbfZRcDt3U1QYokvqOimsvPQnwLEB%2FEfd5h1k71k%3D&reserved=0)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)